

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Allsherjar og menntamálanefndar  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík 30. október 2023.

Efni: Stjórn Iðunnar fræðslusetur vísar til beiðni allsherjar og menntamálanefndar Alþingis, dagsett 10. október 2023, um umsögn um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál 154. löggjafarþing 2023 – 2024.

Stjórn Iðunnar fræðsluseturs hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu en frumvarpið er liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda og innleiðingu á nýrri menntastefnu um heildstæða skólaþjónustu sem ætlað er að styðja við nám og farsæld barna og ungmenna. Markmið frumvarpsins að skýra nánar verkefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu en jafnframt verkaskiptingu hennar og mennta- og barnamálaráðuneytis.

Stjórn Iðunnar fræðsluseturs styður áform stofnun Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og hlutverk stofnunarinnar að vera fagleg þekkingarmiðstöð fyrir þjónustu og stuðning við skólafarf í víðum skilning í leik,- grunn og framhaldsskólastigi.

Stjórn Iðunnar fræðslusetur vill þó benda á að í frumvarpi að lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu eru takmarkaðar upplýsingar um útfærslu og verkaskiptingu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og ráðuneytis sem snýr að iðn- og starfsmenntun. Í frumvarpinu og greinargerðinni er ekki ljóst hvar málefni eða einstök verkefni sem tengjast iðn- og starfsnámi eigi að vistast þar sem ekki kemur skýrt fram hver muni taka við stjórnsluverkefnum sem nú eru á borði Menntamálastofnunar s.s. staðfestingar námslýsinga tónlistarskóla, námsbrautarlýsinga framhaldsskóla, vottun námsskráa og námslýsinga framhaldsfræðsluáðila og þjónustu- og samrekstrarsamninga sveitarfélaga um grunnskóla. Bent er á að mikilvægt sé að skýra með nánari hætti hvar einstaka málaflókkar og/eða verkefni eigi heima og draga eins og kostur er úr flækjum og mögulegri óvissu um samskipti fulltrúa atvinnulífs við stjórnvöld sem tengist iðn- og starfsnámi í landinu.

Í frumvarpinu er tekið fram að söfnun, greining og birtinga upplýsinga um menntamál verði færð til mennta- og barnamálaráðuneytis. Stjórn Iðunnar bendir á mikilvægi þess að upplýsingar sem tengist framkvæmd iðn- og starfsnáms verði aðgengilegar fulltrúum í atvinnulífi en eins og kunnugt er hafa grunnupplýsingar um fjölda iðnnema, innritunartölur og fl. verið torfengnar. Fyrirtækin innan Iðunnar og félagsmenn leggja mikið af mörkum til iðn- og starfsmenntunar í landinu og mikilvægt að upplýsingar sem tengist iðn- og starfsnámi séu aðgengilegar hagaðilum og að þær séu uppfærðar með reglulegum hætti.

Stjórn Iðunnar bendir á mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld setji fram framsýna stefnu þegar kemur að iðn- og starfsnámi og taki virkan þátt í verkefnum með atvinnulífi að innleiða nýjungar í iðn- og starfsnámi s.s. að uppfæra starfálýsingar og hæfnikröfur í takt við væntingar atvinnulífs, innleiða tækni í skólafarfi, efla tæknilæsi í íslensku skólafarfi, leggja áherslu á aðlögunarhæfni

og almenna og sérhæfða hæfni nemenda til þess að sinna störfum í heimi þar sem tækni verður í lykilhlutverki.

Stjórn Iðunnar bendir einnig á að mikilvægt sé að bæta stöðu iðn- og tæknináms, eins að auka vægi framhaldsfræðslu, raunfærnimats og almennum tækifærum eldri nema að stunda iðn- og tæknináms. Tryggja þarf að ný lög um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hafi ekki neikvæð áhrif á viðurkenningu og gildi menntunar innan kerfisins. Í greinargerðinni með frumvarpinu er tekið fram að verkefni framhaldsfræðslunnar hafi flust til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins með forsetaúrskurði (nr. 6/2022) og að virk samvinna verði á milli mennta- og barnamálaráðuneytisins við að leysa úr álitæfnum sem tengist samspili framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Að mati stjórnar Iðunnar þarf að útfæra með nánari hætti hvernig verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem voru áður vistuð hjá Menntamálastofnun verði útfærð og að áframhaldandi framgangur þeirra verði tryggður s.s. vottun námsskráa framhaldsfræðslunnar og birtingu þeirra í námskrárgrunni, viðurkenningu fræðsluaðila, aðferðafræði raunfærnimats og viðurkenning þess.

Fyrir hönd stjórnar Iðunnar fræðsluseturs



Hildur Elín Vignir

Framkvæmdastjóri Iðunnar